

## FRÁSÖGN

af fjarfundum forsætisnefndar Vestnorræna ráðsins 10. og 21. maí 2021.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins kom saman á tveimur fjarfundum. Af hálfu Íslandsdeildar tóku þátt í fundinum Guðjón S. Brjánsson, formaður, og Bylgja Árnadóttir, alþjóðaritari. Aðrir fundarmenn voru Henrik Old, formaður landsdeildar Færeyja, Siverth K. Heilmann, formaður landsdeildar Grænlands, Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins, Steen Løgstrup Nielsen, starfsmaður ráðsins, Annika Mouritsen og Poula Árnadóttir Lervig, starfsmenn færeysku landsdeildarinnar, og Arnaruluk Lundblad og Elly Hauge Pedersen, starfsmenn grænlenku landsdeildarinnar. Tilgangur fundanna var að ræða fyrirkomulag þemaráðstefnu Vestnorræna ráðsins árið 2021.

Þemaráðstefna Vestnorræna ráðsins var fyrirhuguð í Qaqortoq á Suður-Grænlandi í lok júní 2021 undir yfirskriftinni *Málefni ungs fólks á Vestur-Norðurlöndum*. Fyrir fundinum lá að taka ákvörðun um hvort fallið yrði frá þeim fyrirætlunum. Bent var á að samkvæmt gildandi sóttvarnareglum Grænlandinga væri óheimilt að halda viðburð þar sem saman kæmu erlendir gestir, auk þess sem öllum erlendum ferðamönnum væri skylt að vera í sóttkví í fimm daga frá komu til landsins, burtséð frá því hvort þeir væru bólusettir eður ei. Þá væru flugsamgöngur milli landanna í óvissu. Siverth K. Heilmann sagði Grænlandinga því miður ekki treysta sér til að halda ráðstefnuna við þessar aðstæður. Enn væri of mikil hætt á kórónuveirusmiti. Sigurður Ólafsson lagði fyrir forsætisnefnd tillögu sína um að breyta þemaráðstefnunni í fjórar styttri málstofur þar sem málefninu yrðu gerð skil í erindum fræðimanna og pallborðsumræðum með þátttöku meðlima ráðsins með fjarfundarbúnaði. Málstofunum yrði streymt á netinu.

Forsætisnefnd ræddi málið á tveimur fundum og að lokum varð ofan á að fresta þemaráðstefnunni um eitt ár. Því er áætlað að halda tvær þemaráðstefnur árið 2022, annars vegar í janúar á Íslandi um loftslagsáhrif á Vestur-Norðurlöndum og hins vegar í júní í Qaqortoq um málefni ungs fólks.

Á fyrri fundi forsætisnefndar kynnti Henrik Old drög að ályktun sem lögð verður fyrir ársfund Vestnorræna ráðsins í lok ágúst um aukið samstarf Vestur-Norðurlanda í umhverfismálum. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is/](http://www.vestnordisk.is/).